

Dags. 22.8.2013

46. fundur.

22. ágúst 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.
Árni Pétur Hilmarsson
Guðrún Tryggvadóttir
Hörður Þór Benónýsson
Þórunn Jónsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi
(fundarritari)

Dagskrá:

1. Vaðlaheiðargöng. Deiliskipulag og lýsing.
2. Brúnahlíð . Umsókn um byggingarleyfi
3. Brúnahlíð . Grenndarkynning.
4. Sígríðarstaðir í Ljósavatnsskarði . Stofnun lóðar.
5. Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði. Stofnun þjóðlendu.
6. Bjarnastaðir Bárðardal. Stofnun lóðar.
7. Rauðafell Bárðardal. Stofnun lóðar.
8. Sandur, Aðaldal. Stofnun lóðar.
9. Árbót í Aðaldal. Aðal- og deiliskipulag.
10. Vallholt Reykjadal. Stofnun lóðar.
11. Fagranes í Aðaldal. Stofnun lóðar
12. Fráveitumál í Þingeyjarsveit

1. Vaðlaheiðargöng. Deiliskipulag og lýsing.

S20120802

Erindi dags 10. júlí 2013 frá Valgeiri Bergmann f.h. Vaðlaheiðarganga hf. þar sem sótt er um heimild til að láta vinna deiliskipulag vegna Vaðlaheiðarganga og vinnubúða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er óskað eftir að meðfylgjandi deiliskipulagslýsing frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf dags. 20. júní 2013 verði tekin til afgreiðslu í skipulags- og umhverfisnefnd skv. 40. gr. fyrrgreindra laga.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að láta vinna umrætt deiliskipulag. Jafnframt leggur hún til að deiliskipulagslýsingin verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi eins og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um.

Erindið var sent til nefndarmanna í tölvupósti 10. júlí 2013 og var það samþykkt utan fundar af öllum nefndarnönnum í svarpósti. Sveitarstjórn staðfesti samþykkt skipulags- og umhverfisnefndar utan fundar með tölvupósti. Oddviti staðfesti samþykki sveitarstjórnar í tölvupósti dags. 22. júlí 2013.

2. Brúnahlíð . Umsókn um byggingarleyfi

S20130701

Erindi dags 4. júlí 2013 frá Árna Þorbergssyni kt. 190264-3949, Brúnahlíð þar sem hann sækir um heimild til að reisa vélaskemmu á jörð sinni Brúnahlíð skv. meðfylgjandi teikningum frá Cedrus, teikni- og verkfræðipjónustu dags. 25. júní 2013.

Með vísan í 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal skipulagsnefnd þá láta fara fram grenndarkynningu þar sem ekkert deiliskipulag liggur fyrir. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna fyrirhuguð byggingaráform fyrir nágrönnum eins og 2. mgr. 44. gr. fyrrgreindra laga kveður á um. Erindið var sent til nefndarmanna í tölvupósti 10. júlí 2013 og var það samþykkt utan fundar af öllum nefndarnönnum í svarpósti. Sveitarstjórn staðfesti samþykkt skipulags- og umhverfisnefndar utan fundar með tölvupósti. Oddviti staðfesti samþykki sveitarstjórnar í tölvupósti dags. 22. júlí 2013.

3. Brúnahlíð . Grenndarkynning. S20130701

Tekið fyrir að nýju erindi dags 4. júlí 2013 frá Árna Þorbergssyni kt. 190264-3949, Brúnahlíð þar sem hann sækir um heimild til að reisa vélaskemmu á jörð sinni Brúnahlíð skv. meðfylgjandi teikningum frá Cedrus, teikni- og verkfræðipjónustu dags. 25. júní 2013.

Erindið var grenndarkynnt með grenndarkynningarbréfi dags. 16. júlí 2013 eins og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um. Grenndarkynningu lauk 19. júlí, en þá höfðu þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn að þeir gerðu ekki athugasemdir við hina leyfisskyldu framkvæmd.

Byggingarleyfi verðu gefið út þegar fullnægt hefur verið skilyrðum þar að lútandi og fullnægjandi hönnunargögnum hefur verið skilað inn til skipulags- og byggingarfulltrúa.

4. Sigríðarstaðir í Ljósavatnsskarði . Stofnun lóðar. S20130702

Erindi dags 16. júlí 2013 frá Hermanni R. Herbertssyni, Sigríðarstöðum í Ljósavatnsskarði, þar sem hann sækir um heimild til að stofna nýja landspildu/lóð á jörð sinni Sigríðarstöðum skv. meðfylgjandi hnitsettri loftmynd dags. 15. júlí 2013 frá Búgarði (GHG) og útfylltu eyðublaði nr. F-550 frá Þjóðskrá. Einnig er óskað eftir því að skipulags- og umhverfisnefnd samþykki nafngiftina Flekabarð fyrir spilduna/lóðina.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við nafngiftina Flekabarð og leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda landspildu og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

5. Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði. Stofnun þjóðlendu. S20130703

Erindi dags 25. júní 2013 frá Forsætisráðuneytinu þar sem óskað er eftir að stofnuð verði þjóðlendan Draflastaðakirkjuland á Gönguskarði samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2007, dags. 6. júní 2008. Land innan eftirfarandi marka er þjóðlenda og í afréttareign eiganda Draflastaða:

Til vesturs er að norðanverðu miðað við Grjótá og svo Gönguskarðsá inn úr Þrengingum að Hólsmarkjum og að sunnanverðu ræður Gönguskarðsöxlin þaðan sem Hólsdalur byrjar. Til suðausturs og austurs eru merkin í vörðu á innri Grjóthól þvert yfir Skarðið til fjallsbrúnar upp báðum megin. Til norðausturs er miðað við hágrjót Vesturfjalla, sbr. punkt 6 í kröfulýsingu vegna Þóroddsstaðar og punkt 9 í kröfulýsingu gagnaðila ríkisins vegna Ófeigsstaða og Rangár, þar til kemur að fyrstnefndum norðausturmarkjum.

Fylgiskjöl eru, landspildublað og útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2007 dags. 6. júní 2008.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun Þjóðlendunnar verði samþykkt og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

**6. Bjarnastaðir Bárðardal. Stofnun lóðar.
S20130704**

Erindi dags 16. júlí frá Árna Þór Óskarssyni, f.h. Neyðarlínunnar ohf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, þar sem sótt er um lóð undir fjarskiptahús á Rauðafelli. Fyrirhuguð lóð er í óskiptu landi jarðanna Bjarnastaða og Rauðafells og er um jafnan hlut (50%) hvorrar jarðar um sig að ræða.

Fylgigögn með umsókn eru yfirlitsmynd, hnitsettur lóðaruppdráttur, undirrituð yfirlýsing landeigenda um stofnun landeignar úr löndum í óskiptri sameign, og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umræddan lóðarhluta og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hans í fasteignaskrá Þjóðskrár.

**7. Rauðafell Bárðardal. Stofnun lóðar.
S20130705**

Erindi dags 16. júlí frá Árna Þór Óskarssyni, f.h. Neyðarlínunnar ohf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík þar sem sótt er um lóð undir fjarskiptahús á Rauðafelli. Fyrirhuguð lóð er í óskiptu landi jarðanna Bjarnastaða og Rauðafells og er um jafnan hlut (50%) hvorrar jarðar um sig að ræða.

Fylgigögn með umsókn eru yfirlitsmynd, hnitsettur lóðaruppdráttur, undirrituð yfirlýsing landeigenda um stofnun landeignar úr löndum í óskiptri sameign, og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umræddan lóðarhluta og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hans í fasteignaskrá Þjóðskrár.

**8. Sandur, Aðaldal. Stofnun lóðar.
S20121101**

Erindi dags 9. maí 2013 frá Guðmundi Heiðrekssyni, kt. 231049-4369, Lerkilundi 6, 600 Akureyri, þar sem hann sækir um stofnun lóðar um útihúsin sem tilheyrja Sandi 1. Einnig sækir hann um að útihúsið, sem er steinsteypt byggingu með fjósi, haughúsi, hlöðu og geymslu verði skráð á hina nýju lóð.

Fylgigögn með umsókn eru yfirlitsmynd, hnitsettur lóðaruppdráttur, undirrituð yfirlýsing landeigenda um stofnun landeignar úr löndum í óskiptri sameign, og útfyllt eyðublað nr. F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umræddan lóðarhluta og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hans í fasteignaskrá Þjóðskrár.

**9. Árbót í Aðaldal. Aðal- og deiliskipulag.
S20121202**

Tekið fyrir að nýju erindi frá Vigfúsi Sigurðssyni f.h. landeigenda Árbótar þar sem lögð var fram tillaga að deiliskipulagi vegna stækkunar á frístundasvæði í landi Árbótar í Aðaldal og jafnframt samsvarandi tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna stækkunar á

frístundasvæðinu. Tillögurnar voru auglýstar að nýju skv. 1. mgr. 31. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 21. júní til og með 2. ágúst 2013. Engar athugasemdir bárust.

Nýtt erindi dags. 18. ágúst 2013 barst frá Vigfúsi Sigurðssyni f.h. landeigenda þar sem óskað var eftir að við lokaafgreiðslu deiliskipulagstillögunnar yrðu lóðirnar á norðursvæði nr. 12 til og með 16 minnkaðar þannig að breidd þeirra verði 60 m í stað 70 m. Jafnframt er óska eftir að gerð verði breyting á ákvæðum um mænisstefnu þannig að hún verði einungis til leiðbeiningar en ekki bundin. Umrædd breyting er gerð með fullri vitund þeirra sem nú þegar hafa sótt um byggingarlóðirnar nr. 12 og 13 að sögn umsækjanda. Breytingin hefur ekki áhrif á þegar byggt svæði og skipulagsmörk breytast ekki.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að gerðar verði breytingar á lóðarstærðum lóðanna nr. 12 til og með 16 þar sem nefndin telur að sú breyting varði ekki hagsmuni annarra en landeigenda og væntanlegra lóðarhafa. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að tillögur að breytingu á aðal- og deiliskipulagi verði samþykktar og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast málsmeðferð vegna gildistöku þeirra eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

10. Vallholt Reykjadal. Stofnun lóðar.

S20130801

Erindi dags. 20. ágúst 2013 frá Aðalsteini Péturssyni, Vallholti, Reykjadal þar sem hann sækir um að stofnuð verði sérstök lóð undir útihús á jörð hans Vallholti. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur dags. 16. ágúst 2013 frá Búgarði og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda lóð og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

11. Fagranes í Aðaldal. Stofnun lóðar.

S20130802

Erindi dags. 20. ágúst 2013 frá Guðmundi Sigurðssyni í Fagranesi í Aðaldal þar sem hann sækir um að stofnuð verði sérstök lóð undir íbúðarhús á jörðinni Fagranesi. Fylgigögn með umsókn eru hnitsettur lóðaruppdráttur dags. 9. júlí 2010 frá Búgarði og útfyllt eyðublað F-550 frá Þjóðskrá.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að umsækjanda verði heimilað að stofna umrædda lóð og að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast stofnun hennar í fasteignaskrá Þjóðskrár.

12. Fráveitumál í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu gildir jafnframt vatnsvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár. Reykjadalur og Aðaldalur teljast til þessara vatnsverndarsvæða ásamt Mývatnssveit og hluta af Norðurþingi. Í 24. gr. fyrrnefndrar reglugerðar eru eftirfarandi ákvæði:

„Skólp á vatnasviðinu skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.“

Með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa er gerð krafa um meiri hreinsun en næst með hefðbundinni rotþró og siturlögn. Leitað hefur verið til Umhverfisstofnunar, Umhverfisráðuneytisins og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands-eystra um leiðbeiningar um það hvernig beri að standa að þessari „ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa“ en einu svörin sem borist hafa eru þau að hér sé um „verkfræðilegt úrlausnarefni“ að ræða. Hér vantar því sárlega leiðbeiningar frá löggjafanum um það hvernig beri að framfylgja þessu reglugerðarákvæði, hvaða efni skuli hreinsa og hvort sömu kröfur séu gerðar til hreinsunar frárennslis án tillits til stærðar eða umfangs þeirra mannvirkja sem í hlut eiga. Skipulags- og umhverfisnefnd Þingeyjarsveitar leggur áherslu á að fráveitumál í sveitarfélaginu verði í góðu lagi og uppfylli kröfur laga og reglugerða þar um en til þess þurfi skýrari leiðbeiningar frá löggjafanum um hvernig beri að framfylgja þeim.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að hún beiti sér fyrir því að sveitarfélög á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár efni til sameiginlegs fundar með þeim stofnunum sem fráveitumál heyra undir, þ.e.a.s. Umhverfisstofnun, Umhverfisráðuneytinu og Heilbrigðiseftirliti þar sem þessar stofnanir skýri nánar markmið 24. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður þingeyjarsveitar og bendi á leiðir til að framfylgja þeim ákvæðum sem þar eru sett fram.

Fundi slitið